

3. Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin sem um ræðir er tvíþætt. Annars vegar ökugerði fyrir Ökukennarafélagið og hins vegar varanlegar akstursbrautir fyrir vélhjól fyrir Vélhjólaiþróttaklúbbinn.

3.1. Svæði fyrir Ökukennarafélag Íslands

Afmarkað er 25 ha framtíðarsvæði fyrir Ökukennarafélag Íslands en á því svæði er fyrirhugað að koma fyrir kennslubrautum fyrir bifreiðar og vélhjól sem feli í sér gerð nokkurra mislangra brauta og í mismunandi útfærslum. Með staðsetningu svæðisins við Bolaöldur verður hægt að bjóða upp á æfingaakstur og ökukennslu við fjölbreytt akstursskilyrði og þar sem svæðið liggur tiltölulega hátt yfir sjávarmáli þá er horft til þess að oftar verði hægt að bjóða upp á akstur við vetrarskilyrði, þ.e. hálfu og snjó. Um er að ræða framkvæmd sem ekki verður framkvæmd á einu ári heldur mun uppbygging ná til nokkurra ára. Framtíðarhugmyndir verða settar fram í deiliskipulagi og vonast er til að þær hugmyndir geti orðið að veruleika á næstu 10-15 árum.

Innanríkisráðuneytið hefur gefið út reglugerð um að allir nemendur fái þjálfun til bílprófs í skilgreindu ökugerði og hyggst ÓÍ reka þess konar löggilt ökugerði á svæðinu. Ökugerði felur í sér að nýnemar til ökuréttinda æfa akstur á þar til

gerðum brautum á afmörkuðu, afgirtu, svæði undir stjórn ökukennara. Undir handleiðslu kennara framkvæma þeir síðan ýmsar ökuæfingar sem eru til þess fallnar að þjálfar þá í réttum viðbrögðum og skilningi við akstur. Einnig er gert ráð fyrir að nemar til meiraprófs og ökumenn í sérakstri s.s. lögreglu- og sjúkraflutningamenn fá þjálfun á svæðinu. Samhliða ökukennslu krefst reglugerð um ökugerði þess að á svæðinu sé kennslustofa auk kennslutóla s.s. veltibíls og er gert ráð fyrir að þessi aðstaða verði í þjónustuhúsi á svæðinu. Þar verði einnig gert ráð fyrir veitingaaðstöðu og aðstöðu fyrir starfsfólk og ökukennara.

Samkvæmt upplýsingum ÖÍ er gert ráð fyrir að fjöldi nemenda á ári til almennra ökuréttinda eða B-réttinda verði allt að 3,000 auk 500 nemendur til aukinna ökuréttinda eða meira prófs. Gera má ráð fyrir að á dag muni á bilinu 5 til 6 fólksbílar og 2 stærri ökutæki til aukinna réttinda nýta sér svæðið. Þá er rétt að reikna með að minnsta kosti einu þjónustutæki sem notað verður allt árið um kring til viðhalds á svæðinu. Í upphafi er gert ráð fyrir að Skrikvagnar verði notaðir við kennsluna. Skrikvagn er hjólabúnaður sem settur er undir venjulegan bíl og með honum má lyfta bílnum lítillaga upp svo að veggrip minnkar og þannig má með ákveðnum æfingum auka skilning á akstri við erfiðar aðstæður t.d. í hálfu, bleytu eða lausamöl. Notkun á þessum búnaði hefur engin umhverfisáhrif í för með sér.

Gert er ráð fyrir að uppbygging fari fram í tveimur áföngum.

Í fyrsta áfanga verður framkvæmdin einfaldari í sniðum og er gert ráð fyrir tveimur 6 m breiðum brautum, u.þ.b. 500 m og 360 m löngum ásamt tveimur bogabrautum. Verður sú lengri lögð bundnu slitlagi en sú styttri verður malarbraut.

Geymslu og þjónustuhúsnæði fyrir viðhaldstæki og önnur tól til kennslu, sem geymd verða á staðnum, þarf að vera fyrir hendi en til þess þarf um tvö til þrjúhundruð fermetra byggingu Ráðgert er að reisa sameiginlega geymslu fyrir starfsemi ÖÍ og VÍK sem mun geta hýst bæði viðhalds- og kennslutæki ÖÍ og vélhjól sem geymd verða á staðnum í tengslum við starfsemi VÍK.

Í tengslum við ökugerðið þarf að reisa kennslu- og þjónustuhúsnæði fyrir nemendur og starfsfólk einnig bílastæði og aðgangur að þvottaplani og verður það mögulega samnýtt með VÍK.

Einungis minniháttar viðgerðir og þrif verða framkvæmd á staðnum. Óþrifnaður og mengun frá notkun er ekki meiri en frá venjulegum umferðarleiðum. Gera má ráð fyrir að á staðnum verði u.þ.b. 1000 lítrar af eldsneyti og er hugsanlegt að í einhverjum tilvikum þurfi að framkvæma skipti á vélarolíu en auðvelt er að setja hana í sérstakt ílát og flytja í burt til förgunar.

Þjónustusvæði verður væntanlega höfuðborgarsvæðið og Suðurland en einnig má gera ráð fyrir að ökunemar víðar af landinu sækji nám á þessu svæði þegar þannig stendur á.

Í framtíðinni er gert ráð fyrir að stækka svæðið talsvert þar sem gert verður ráð fyrir fleiri og fjölbreyttari brautum.

- 1500 m löng hringakstursbraut auk 500 m styttri hringar sem verða 10 m breið með bundnu slitlagi.

- Gert er ráð fyrir beinni braut með bundnu slitlagi, sem verður a.m.k. 12 m breið og 100 m löng. Braut (þurr bein braut) með lausu malaryfirborði, a.m.k. 12 m breið og 200 m löng.
- Hálkubraut með yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. a.m.k. 9 m breið og 100 m löng.
- Bogabraut með sérstöku yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. Brautin skal vera 80 metra löng og 9 m breið og í boga, radíus 50 m frá ytri brún brautar. Í framhaldi af bogabrautinni skal vera 20 metra löng öryggisbraut með bundnu slitlagi.
- Aðkeyrslubraut skal vera til aksturs að öllum kennslubrautum. Gert er ráð fyrir að á henni sé með góðu móti unnt að ná 70 km/klst hraða og aka á þeim hraða um stund áður en ekið er inn á brautina sjálfa. Aðkeyrslubraut skal vera a.m.k. 180 m löng og a.m.k. 5 m breið.

3.2. Svæði fyrir Vélhjóláþróttaklúbbinn

Æfinga- og keppnisaðstaða vélhjólamanna á Bolaöldusvæðinu var opnuð árið 2006. Þar er nú eitt fjölbreyttasta aksturssvæði á landinu með tugi kílómetra löngu slóðaneti, byrjendabrautum og keppnisbraut í fullri stærð og minniháttar þjónustuhúsi og salernisaðstöðu sem reist hefur verið til bráðabirgða (mynd 3.2). Í dag er á svæðinu þvottaplan til að skola jarðveg af hjólunum eftir æfingu/keppni. Engin olía / bensín smitast við þvott og leysiefni s.s. olíuhreinsir og slík efni eru ekki notuð. Þrif standa í ca 3-5 mínútur og að hámarki 5-10 hjól þvegin að jafnaði á opnunardögum en þvottaaðstaðan er einungis opin þegar motokrossbrautin er opin þ.e. 5 daga í viku yfir sumartímann. Ætla má að með auknum umsvifum mun ásókn í þvott aukast.

Bolöldusvæðið er mikið notað í dag hvort sem til æfinga og keppnishalds. Fjöldi keppnisdaga yfir árið eru 4-5, þ.e. 2 Íslandsmót og 2-3 bikarkeppnir yfir sumarið. Meðalfjöldi áhorfenda eru 50-500 eftir tegund keppni. Almennur opnunartími er mismunandi. Motocrossbrautir opna vanalega í kringum 1. apríl en enduros svæðið í kringum 1. til 15. maí eftir því hversu hratt landið þornar. Enduros slóðar eru án sérstaks opnunartíma en motocrossbrautirnar eru opnar um helgar frá kl. 10-17 og mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá 14-21.

Fjöldi iðkenda sem nota svæðið að staðaldri er á bilinu 4-500 auk þeirra sem koma 1-2 á svæðið á ári. Á dag geta heimsóknir verið frá 5 upp í 100 manns eða að meðaltali 20-25 manns.

Ef fjöldi hjóla í motocrossbrautum verður það mikill þá er hópnum skipt eftir hjólastærð/getu til að minnka slyshættu og fækka í brautinni. Það er ekki oft gripið til þessa ráðs en það gerist þó annað slagið.



Mynd 3-1. Leiðakort um Bolaöldur frá vélhjólaklúbbnum Vík.

Innan framkvæmdasvæðis VÍK er áætlað er að byggja upp svæði með varanlegum brautum fyrir vélhjól á um 11 ha svæði. Til að byrja með verður ráðist í gerð motocrossbrauta fyrir mismunandi vélstærðir, þ.e. 250/125 cc, 85 cc og 65 cc. Auk þess brautir fyrir freestyle, endurobrautir og byrjenda- og æfingabrautir.

Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir 5-8000 m² vélhjólaköll, geymslu fyrir vélhjól, mögulega í sameiningu við ÖÍ og mögulegri sameiginlegri aðstöðubýggingu beggja félaga, þvottaplani, og bílastæðum.

Markmið framkvæmdarinnar er að byggja upp framtíðaraðstöðu fyrir æfingar og keppni á vélhjólum og horft er til framtíðar varðandi uppbyggingu svæðisins og framkvæmdatíminn háður því fjármagni sem félagið hefur yfir að ráða hverju sinni.

Í viðauka 1 má er hægt að sjá á skýringarmynd skiptingu svæðisins eftir notkun og mögulegt fyrirkomulag brauta eftir svæðum og áföngum sem og legu núverandi brauta á svæðinu. Önnur landnotkun er einnig sýnd á uppdrættinum.



Mynd 3-2. Yfirflugsmynd af motocrossbraut í Bolöldum (Heimild VÍK).

3.3. Matskylda

Deiliskipulag og framkvæmd vélhjólaakstursíþróttasvæðis- og ökugerðis við Bolaöldur felur í sér framkvæmd varanlegrar reynsluakstursbrautar fyrir vélknúin ökutæki, sem er tilkynningarskyld framkvæmd skv. viðauka 2, lið 11a í lögum nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Það er svæði Ökukennarafélags Íslands (ÖÍ) sem fellur undir það ákvæði laganna þar sem þar er gert ráð fyrir varanlegu ökugerði með bundnu slitlagi. Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. þeim lögum. Önnur akstursíþróttasvæði innan deiliskipulagssvæðisins, þ.e. svæði Vélhjólaíþróttaklúbbsins (VÍK) fellur ekki undir skilgreiningu laganna um tilkynningarskylda framkvæmd skv. 2. viðauka.

Auk þess er deiliskipulagið háð ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Í skýrslunni eru því settar fram upplýsingar sem krafist er skv. framangreindum lögum, þ.e.a.s. varðandi:

- Líkleg umhverfisáhrif sem deiliskipulag akstursíþrotta- og ökugerðis í Bolöldum getur haft í för með sér, vegna laga um umhverfismat áætlana, þ.e. svæði ÖÍ og VÍK.
- Lýsing á framkvæmd ökugerðis ÖÍ, vegna tilkynningar um framkvæmd “varanlegrar kappaksturs- og reynsluakstursbrautar fyrir vélknúin ökutæki” skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum ásamt umfjöllun um helstu umhverfisáhrif til ákvörðunar um matsskyldu..